	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Co-op. College:						
Prod. Section	50.000	100.000	100.000	100.000	100.000	50.000
Bursaries	25.000	50.000	50.000	50.000	50.000	25.000
Train. Programme	20.000	40.000	40.000	40.000	40.000	20.000
Secret. Asst.	15.000	30.000	30.000	30.000	30.000	15.000
80% of construct. costs	660.000					
Field Education	12.500	25.000	25.000	25.000	25.000	12.500
Accounting:						
Educ. Materials	20.000	45.000	35.000	35.000	10.000	2.000
Transport	125.000	75.000			100.000	
Credit & Saving:						
Educ. Materials	50.000	64.000	59.000	34.000	18.000	1.000
Transport	200.000	25.000			100.000	
Dev. Planning	11.000	20.000	18.000	16.000	11.000	4.500
K.N.F.C.:						
Educ. Materials	25.000	50.000	40.000	30.000	20.000	9.000
Counterparts	12.500	37.500				
Total K.shs.	1.226.000	561.500	397.000	360.000	504.000	139.000

The total budget of the Nordic contribution in accordance with the Plan of Operation amounts to:

	D.kr.
Nordic advisers	37.625.000
Financial assistance (3.187.500 shs. × 1,06)	3.379.000
Contingencies and evalution	496.000
Total	41.500.000

The magnitude of the Personnel stipulated above amounts to 196,5 "man years" exclusive of overlapping for replacements and training. Taking this into account, the Nordic Personnel Assistance is calculated at 215 "man years" of D.kr. 175.000 thus totalling D.kr. 37.625.000 (estimated in 1972 prices). The figure includes the costs of administration (6%), salaries and allowances (16%), training (3%) and contingencies (16%), training (3% and contingencies (5%). The D.kr. 496.000 set forth in the overall budget as contingencies will during the agreement period 1972-1977 be allocated to purposes to be agreed upon by the competent authorities.

Nr. 22. 29. október 1976.

AUGLÝSING

um breytingar á bókun nr. 6 við samninginn milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

Hinn 21. október 1976 var í Brussel gengið frá samningi í formi erindaskipta um breytingar á bókun nr. 6 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands frá 22. júlí 1972 (sjá auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 2/1972). Erindin eru dagsett 29. júní s. l. og miðast gildistaka breytinganna við hinn 1. júlí 1976.

Erindaskiptin ásamt breytingunum eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Í þessu sambandi þykir rétt að benda á, að allmargar breytingar hafa verið gerðar á öðrum bókunum og viðaukum samningsins síðan hann tók gildi, svo sem ráð er fyrir gert í samningunum. Slíkar breytingar eru að jafnaði ekki birtar í C-deild Stjórnartíðinda heldur auglýstar eftir því sem við á af hlutaðeigandi stjórnvöldum er annast framkvæmd samningsins. Skjöl varðandi breytingar þessar eru varðveitt í utanríkisráðuneytinu, sem gefur nánari upplýsingar, ef óskað er.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. október 1976.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

Í FORMI ERINDASKIPTA

UM BREYTINGAR Á BÓKUN NR. 6 VIÐ SAMNINGINN

MILLI EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS.

Bruxelles, 29. júní 1976.

Háttvirti sendiherra,

Í 1. tl. 1. gr. bókunar nr. 6 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, sem undirritaður var hinn 22. júlí 1972, er kveðið svo á, að 15% tollur, sem lagður er á innflutning fiskflaka skv. tollskrárnúmeri 03.01 B II b) í sameiginlegu tollskránni, skuli lækkaður í áföngum.

Samkvæmt ákvörðun, sem nefnd um sameiginleg tollskrárheiti tók árið 1972, teljast nú fryst, hrá fiskflök þakin brauðmylsnu til tollskrárnúmers 16.04 C og G (fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn).

Til þess að koma í veg fyrir, að fiskflök þakin brauðmylsnu, sem heyra undir tollskrárnúmer 16.04 C og G, verði vegna þessara breytinga undanskilin ákvæðum nefndrar greinar þyrfti að gera formlegar breytingar á orðalagi greinarinnar. Breytingar þessar, sem settar eru fram í viðauka, koma til framkvæmda frá 1. júlí 1976.

Mér væri kærkomið, ef þér vilduð vinsamlega staðfesta, að ríkisstjórn yðar sé samþykk þessum breytingum.

Ég leyfi mér, háttvirti sendiherra, að votta yður sérstaka virðingu mína.

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna,

R. de Kergorlay.

Breytingar,
er gera skal á bókun nr. 6
við Samning milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands.

1. Í töflu í 1. tölulið 1. greinar skal koma eftirfarandi í stað texta við tollnúmer 16.04:

Nr. í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
16.04	Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra:
	A. Styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra.
	C. Síld:
	I. Flök, hrá, þakin deigi eða brauðmylsnu, fryst.
	G. Annað:
	I. Flök, hrá, þakin deigi eða brauðmylsnu, fryst.

2. Í töflu í 3. tölulið 1. greinar skal koma eftirfarandi í stað texta við tollnúmer 16.04:

Nr. í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
16.04	Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra:
	C. Síld:
	II. Önnur:
úr	G. Annað:
	II. Annað, þó ekki niðurlagður, reyktur ufsi (sjólax).

Bruxelles, 29. júní 1976.

Herra,

Ég hefi þann heiður að viðurkenna móttöku bréfs yðar, dags. í dag, svohljóðandi:

[Sjá erindið næst á undan.]

Ég hefi þann heiður að staðfesta samþykki ríkisstjórnar minnar á ofangreindu.

Ég leyfi mér að votta yður sérstaka virðingu mína.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands,

Tómas Á. Tómasson.